Greining rása:

Lögmál Kirchhoffs

Kafli 2

Jón Tómas Guðmundsson

tumi@raunvis.hi.is

12. janúar 1999

Heimildir

- R.A. DeCarlo og Pen-Min Lin, *Linear Circuit Analysis: Time Domain, Phasor and Laplace Transform Approaches*, Prentice Hall, 1995, Kafli 2
- D. E. Scott, *An Introduction to Circuit Analysis - A Systems Approach*, McGraw-Hill, 1987, Kaflar 1.3 – 1.9

Lögmál Kirchhoffs

Fullkominn leiðari tengir saman plúspól spennulindarinnar við efri pól viðnámsins; a og b hafa sömu spennu óháð straumnum i.

Eins hafa punktarnir c og d sömu spennu.

Spennan í punkti a er $v(t)$ voltum hærri en spennan í punkti c; svo að spennan í punkti b er einnig $v(t)$ voltum hærri en spennan í punkti d.

Frá punkti c til a er **spennuris** upp á $v(t)$ og síðan **spennufall** frá b til d.

Lögmál Kirchhoffs

Spennulögmál Kirchhoffs (KVL):
Á hverjum tíma er algebrísk summa spennurisa umhverfis lokaða leið í rás núll.

$\Longrightarrow$ Dæmi 2.1.

Ef við raðtengjum tvær spennulindir v_1 og v_2 þá eru þær jafngildar einni spennulind með spennu sem er summa hinna tveggja



$v_1 + v_2 - v_a = 0 \qquad => \qquad v_a = v_1 + v_2$

og

$$v_b = v_{eq}$$

svo að $v_a = v_b$ þá og því aðeins að

$$v_{eq} = v_1 + v_2$$

Lögmál Kirchhoffs

$\Longrightarrow$ Dæmi 2.2.

Skilgreinum **hnútpunkt** sem hvern þann punkt í rás þar sem pólar tveggja eða fleiri rásaeininga tengjast saman. Hnútpunktur getur ekki geymt hleðslu og því er heildarstraumurinn að hnútpunktinum að vera jafn heildarstraumnum frá honum á hverjum tíma.

Straumlögmál Kirchhoffs (KCL):

Á sérhverjum tíma er algebrísk summa allra strauma að ákveðnum hnútpunkti núll.

$\Longrightarrow$ Dæmi 2.3.

$\Longrightarrow$ Dæmi 2.4.

Raðtengd viðnám



Tvær rásaeiningar eru raðtengdar þá og því aðeins að

- annar póll annarar tengist öðrum pól hinnar í hnútpunkti
- engar aðrar rásaeiningar tengist þeim í hnútpunkti

Séu tvær rásaeiningar raðtengdar er straumurinn sá sami í þeim báðum.

Einnig er heildarspennan jöfn summu spennanna yfir hvora einingu fyrir sig.

Raðtengd viðnám

Fyrir tvö raðtengd viðnám má finna **jafngildisviðnám**, það er eitt viðnám sem gefur sama samband milli spennu og straums og raðtengingin.



Með KVL fæst:

$$v_o = iR_1 + iR_2 = i(R_1 + R_2)$$

Nú verður að gilda $v = iR_{eq}$ svo $R_{eq} = R_1 + R_2$.

Þetta má útvíkka á n raðtengd viðnám

$$R_{eq} = \sum_{i=1}^{n} R_i$$

Jafngildisviðnám raðtengingar er alltaf stærra en stærsta viðnámið í raðtenginunni.

$\Longrightarrow$ Dæmi 2.5.

Hliðtengd viðnám



Tvær rásaeiningar eru hliðtengdar þá og því aðeins að

- annar póll annarar tengist öðrum pól hinnar í hnútpunkti
- hinir pólarnir tengjast einnig saman í öðrum hnútpunkti

Séu tvær rásaeiningar hliðtengdar er spennan sú sama yfir þær báðar.

Heildarstraumurinn er jafn summu straumanna í hvorri einingu fyrir sig.

Hliðtengd viðnám

Fyrir tvö hliðtengd viðnám má finna jafngildisviðnám.



Með KCL fæst

$$i = i_1 + i_2 = \frac{v}{R_1} + \frac{v}{R_2} = v\left(\frac{1}{R_1} + \frac{1}{R_2}\right)$$

eða

$$\frac{i}{v} = \frac{1}{R_1} + \frac{1}{R_2}$$

Nú verður að gilda $v = iR_{eq}$ eða $i/v = 1/R_{eq}$ svo

$$\frac{1}{R_{eq}} = \frac{1}{R_1} + \frac{1}{R_2}$$

eða

$$R_{eq} = \frac{R_1 R_2}{R_1 + R_2}$$

Hliðtengd viðnám



Þessa niðurstöðu má auðveldlega útvíkka á n hliðtengd viðnám

$$\frac{1}{R_{eq}} = \sum_{i=1}^{n} \frac{1}{R_i}$$

Jafngildisviðnámið er alltaf minna en minnsta viðnámið.

$\Longrightarrow$ Dæmi 2.6.

$\Longrightarrow$ Dæmi 2.7.

Gauss yfirborð

Straumlögmál Kirchhoffs gildir einnig fyrir lokuð yfirborð, nefnd **Gauss yfirborð**.

Gauss yfirborð er lokaður ferill í planinu eða lokað yfirborð í þremur víddum með vel skilgreint hvað er fyrir utan og hvað fyrir innan.

Um Gauss yfirborð gildir: Algebrísk summa strauma sem koma að (eða yfirgefa) Gaussískt yfirborð á hverjum tíma er núll.



Spennudeiling

Oft þekkjum við heildarspennu yfir raðtengingu tveggja viðnáma en þurfum að vita spennuna yfir annað viðnámið.



Viljum t.d. finna v_2 ef við þekkjum v_o (mynd). Getum fundið i með því að nota jafngildisviðnám

$$i = \frac{v_o}{R_{eq}} = \frac{v_o}{R_1 + R_2}$$

og síðan samkvæmt lögmáli Ohms

$$v_2 = iR = v_o \frac{R_2}{R_1 + R_2}$$

Spennudeiling



Sjáum að $R_2/(R_1 + R_2) < 1$

Þessi stærð segir til um hversu stórt hlutfall heildarspennunnar v_o fellur yfir viðnámið R_2.

À sama hátt er

$$v_1 = v_o \frac{R_1}{R_1 + R_2}$$

$\Longrightarrow$ Dæmi 2.8.

Straumdeiling

Höfum tvö samsíða tengd viðnám. Heildarstraumur er i_o; viljum finna straum í hvoru viðnámi fyrir sig.



Notum jafngildisviðnám

$$v = i_o R_{eq} = i_o \frac{R_1 R_2}{R_1 + R_2}$$

samkvæmt lögmáli Ohms er

$$i_1 = \frac{v}{R_1} = i_o \frac{R_2}{R_1 + R_2}$$

og

$$i_2 = i_o \frac{R_1}{R_1 + R_2}$$

Stærri hluti straumsins fer í gegnum minna viðnámið (minnsta viðnámið).